



BANKASÝSLA RÍKISINS

*Skýrsla um starfsemi Bankasýslu ríkisins
2019*



Skýrsla um starfsemi Bankasýslu ríkisins
2019

Desember 2019

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
HELSTU VERKEFNI Á LIÐNU STARFSÁRI	6
HVÍTBÓK UM FJÁRMÁLAKERFIÐ	6
SAMNINGUR VIÐ ÍSLANDBANKA UM ALMENN OG SÉRSTÖK MARKMIÐ Í REKSTRI	6
LAUNAKJÖR BANKASTJÓRA ÍSLANDBANKA OG LANDSBANKANS	6
NÝ STARFSKJARASTEFNA	7
SÓLARLAGSÁKVÆÐI AFNUMIÐ	7
ÖNNUR HEFÐBUNDIN STARFSEMI BANKASÝSLUNNAR	9
LÖGBUNDIÐ HLUTVERK OG VERKEFNI	9
FRAMKVÆMD EIGANDASTEFNU RÍKISINS	12
STJÓRN OG STARFSMENN	15
VALNEFND	16
LISTI YFIR STJÓRNARMENN BANKASÝSLUNNAR	16
REKSTUR FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA Í EIGU RÍKISINS Á ÁRINU 2018	17
■ REKSTRARREIKNINGUR VIÐSKIPTABANKANNA	23
■ EFTNAHAGSREIKNINGUR VIÐSKIPTABANKANNA	27
■ ÍSLANDBANKI	29
■ LANDSBANKINN	31
■ SPARISJÓÐUR AUSTURLANDS HF.	33

Skilgreiningar

FME	Fjármálaeftirlitið
Íslandsbanki	Íslandsbanki hf.
Landsbankinn	Landsbankinn hf.
m.kr.	Milljónir króna
ma.kr.	Milljarðar króna
Seðlabankinn	Seðlabanki Íslands
TIF	Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta
þ.	Þúsund
þús.kr.	Þúsundir króna
VLF	Verg landsframleiðsla

Inngangur

Bankasýsla ríkisins gefur nú í tíunda sinn út ársskýrslu sína í samræmi við ákvæði 8. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins. Í skýrslunni er fjallað um starfsemi stofnunarinnar fyrir árið 2018 og fram að aðalfundum þeirra fjármálafyrirtækja, sem hún fer með eignarhluti í, og haldnir voru á fyrri hluta ársins 2019.

Í töflu 1 má finna upplýsingar um eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, sem eru í umsýslu stofnunarinnar, og eigið fé hluthafa þeirra í árslok 2018. Þá nam hlutur ríkisins í eigin fé sem hluthafa þessara fjármálafyrirtækja samtals 414,5 ma.kr. Bókfært virði eignarhlutanna nam á ríkisreikningi samtals 330,8 ma.kr., eða 14,9% af samtals eignum ríkisins, sem námu 2.225,0 ma.kr. í árslok 2018. Voru eignarhlutir í Íslandsbanka og Landsbankanum bókfærðir á 0,8x hlutafjármargfaldara (e. price to book multiple).


Tafla 1: Eignarhlutir ríkisins í fjármálafyrirtækjum 31. desember 2018 (fjárhæðir í ma.kr.)¹

Eignir á ríkisreikningi	Eignarhlutur	Eigið fé hluthafa	Hlutur í eigin fé hluthafa	Hlutafjármargfaldari
Íslandsbanki	100,0%	174,0	139,2	0,8x
Landsbankinn	99,7%	239,6	191,2	0,8x
Sparisjóður Austurlands	49,5%	<u>0,9</u>	<u>0,4</u>	1,0x
Samtals		414,5	330,8	
Aðrar eignir ríkissjóðs			<u>1.894,1</u>	
Samtals			2.225,0	


Samanburður á eignarhaldi íslenska ríkisins á fjármálafyrirtækjum og annarra evrópskra ríkja sýnir að það er það lang umfangsmesta í Vestur-Evrópu, eins og sést á mynd 1. Í árslok samsvaraði hlutur ríkisins í eigin fé viðskiptabanka 14,7% af VLF ársins og 39,0% af skuldum hins opinbera. Mynd 2 sýnir að þrátt fyrir að hlutur í eigin fé í árslok m.v. VLF hvers árs hafi farið lækkandi eftir að ríkissjóður eignaðist allt hlutafé í Íslandsbanka, er það gríðarlega umfangsmikið í sögulegu samhengi. Hlutur ríkisins í eigin fé viðskiptabankanna skv. þessum mælikvarða hefur lækkað vegna sölu á 13,0% hlut í Arion banka í febrúar 2018, og fjallað var um í síðustu ársskýrslu, háum arðgreiðslum og vexti VLF.

¹ Heimild: Ársreikningar fjármálafyrirtækjanna fyrir árið 2018, ríkisreikningur fyrir árið 2018. Eignarhlutur miðast við útstandandi hluti, en stofnunin fer með 98,2% af útgefnum hlutum í Landsbankanum.

Mynd 1: Hluttur ríkissjóða í Evrópu í bókfærðu eigin fé viðskiptabanka í þeirra eigu í árslok 2018²



Mynd 2: Hluttur ríkissjóðs í bókfærðu eigin fé viðskiptabanka sem hlutfall af VLF 1997-2018



² Heimild: Bankasýsla ríkisins, Hagstofa Íslands, Stative og ársskýrslur undirliggjandi banka. Bókfært eigið fé hluthafa og skuldir hins opinbera (Maastricht skilgreiningin) í árslok 2018 og verg landsframleiðsla (VLF) á árinu 2018.

Helstu verkefni á liðnu starfsári

Hvítbók um fjármálakerfið

Í febrúar 2018 var skipaður starfshópur sem ætlað var að gera hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið á Íslandi. Í hópnum voru Guðrún Ögmundsdóttir, Guðjón Rúnarsson, Kristrún Tinna Gunnarsdóttir, Sýlvía K. Ólafsdóttir og Lárus L. Blöndal, stjórnarformaður Bankasýslu ríkisins, sem var jafnframt formaður hópsins. Skilaði hópurinn af sér viðamikilli skýrslu þann 10. desember 2018.³

Bankasýsla ríkisins tók virkan þátt í gerð hvítbókar og vann mikið af rannsóknum í kjölfar sérstakra fyrirspurna starfshópsins. Þannig útbjó stofnunin sjö sérstök minnisblöð til viðbótar við ítarlega greinargerð með svörum starfshópsins um almenn atriði, sem beint var til helstu hagaðila og stofnana innan fjármálakerfisins. Öll minnisblöðin eru aðgengileg á vefgátt stjórnarráðsins.⁴

Í niðurstöðum hvítbókar kom m.a. fram að mikilvægt er að stjórnvöld hugi heildstætt um framtíðareignarhald. Skref í átt að sölu þyrftu að miða að því að ná markmiðum um fjölbreytt, dreift og traust eignarhald, sem stuðli að virkri samkeppni á bankamarkaði til framtíðar. Taldi hvítbókarnefnd að dreift eignarhald ólíkra áhrifafjárfesta, m.a. erlends banka, í bland við þátttöku almennings, væri ákjósanlegasta fyrirkomulagið til framtíðar. Það var því talið mikilvægt að sá möguleiki að selja Íslandsbanka til erlends banka, að hluta eða öllu leyti, yrði kannaður. Samhliða var talið ástæða til að hefja undirbúning að skráningu og sölu á hluta af eignarhlut ríkisins í Landsbankanum. Einnig kom fram að það væri nauðsynlegt að þeir hlutir, sem seldir yrðu í almennu útboði, væru nægilega stórir til að vekja áhuga stærri fjárfesta erlendis og til að tryggja virkan eftirmarkað.

Samningur við Íslandsbanka um almenn og sérstök markmið í rekstri

Þann 20. desember 2018 undirritaði Íslandsbanki og Bankasýsla ríkisins samning um almenn og sérstök markmið í rekstri, sbr. ákvæði e. liðar 4. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins. Samningaviðræður hófust haustið 2016 en nokkur álitamál komu upp í viðræðunum, m.a. um upplýsingagjöf, arðsemiskröfu ríkisins og samkeppnisjónarmið, sem tók tíma að greiða úr.

Í samningnum komust aðilar að samkomulagi um ýmis atriði er lúta að markmiðum um arðsemi, kostnaðarhlutfall og fleiri rekstrartengd atriði. Einnig er þar að finna atriði er lúta að upplýsingagjöf og eftirfylgni. Lágmarks ávöxtunarkrafa ríkisins á arðsemi eiginfjár hluthafa eftir skatt er einhliða og skilgreinist sem áhættulausir vextir að viðbættu 5,0% álagi. Áhættulausir vextir eru skilgreindir sem vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana í Seðlabanka Íslands. Er samningurinn ótímabundinn.

Launakjör bankastjóra Íslandsbanka og Landsbankans

Þann 12. febrúar 2019 sendi Bankasýsla ríkisins upplýsingabeiðni til Íslandsbanka og Landsbankans varðandi laun bankastjóra bankanna, í framhaldi af birtingu ársreiknings síðari bankans, þar sem fram komu upplýsingar um hækkanir á launum bankastjóra. Óskaði stofnunin eftir sjónarmiðum í tengslum við ákvörðun um launahækkanir bankastjóranna undanfarin misseri, m.a. með hliðsjón af samskiptum við stofnunina og ráðuneyti ásamt eigandastefnu ríkisins. Þann sama daga barst stofnuninni einnig bréf

³ <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=d4519983-fd54-11e8-942f-005056bc530c>

⁴ <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=385aa3fb-fc7c-11e8-942f-005056bc4d74>

ráðherra um sambærilegt efni, þ. á m. var óskað eftir upplýsingum um hvernig brugðist var við tilmælum sem beint hafði verið til stjórnna fyrirtækja í eigu íslenska ríkisins.

Svarbréf bárust frá bönkunum nokkrum dögum síðar. Þann 18. febrúar 2019 barst ítarlegt svar frá Íslandsbanka þar sem farið var yfir launapróun bankastjórans frá því að íslenska ríkið tók yfir 95% eignarhlut í ársbyrjun 2016. Kom þar fram að bankastjóri hefði fengið nokkrar launahækkanir en einnig launalækkun þann 1. janúar 2019. Taldi bankinn að framangreindar launahækkanir hefðu verið í samræmi við starfskjarastefnu bankans. Þann 19. febrúar 2019 barst einnig ítarlegt svar frá Landsbankanum. Í bréfinu var farið yfir forsögu, forsendur og ákvörðun launa með hliðsjón af starfskjarastefnu, tilmælum ráðherra og eigandastefnu ríkisins. Taldi bankinn að launahækkanir hefðu verið í samræmi við framangreint.

Þann 21. febrúar 2019 var ráðherra sent bréf varðandi ákvörðun launa og starfskjarastefnu framangreindra banka. Var þar m.a. farið yfir forsögu málsins, viðbrögðum stofnunarinnar við tilmælum frá árinu 2017 og breytingar sem gerðar höfðu verið á starfskjarastefnum bankanna. Jafnframt voru ráðherra send framangreind svarbréf bankanna ásamt öðrum samskiptum.

Bankasýslu ríkisins barst bréf frá ráðherra, dags. 28. febrúar 2019. Í því kom fram skilningur ráðuneytis á mikilvægum hugtökum í eigandastefnu ríkisins, m.a. um samkeppnishæf laun, leiðandi laun og hófsemi. Jafnframt kom þar fram sú skoðun ráðherra að laun bankastjóranna hefðu verið ákveðin úr hófi, verið leiðandi og ekki í samræmi við tilmæli frá árinu 2017. Þá sagði: „Við þá stöðu sem upp er komin verður ekki unað. Traust og trúnaður verður að geta ríkt milli þeirra sem falin er stjórn mikilvægra félaga og þeirra stjórnvalda er bera ábyrgð á starfsemi þeirra sem eigandi. Launaákvæðanir bankanna hafa nú þegar haft veruleg neikvæð áhrif á orðspor þeirra og þannig valdið þeim skaða, auk þess sem þær sendu óásættanleg skilaboð inn í þær kjaraviðræður sem nú standa yfir.“ Stofnunin svaraði þessu bréfi ráðherra þann 1. mars 2019. Þar fagnaði Bankasýsla ríkisins skýrri túlkun ráðuneytis á viðmiðum núgildandi eigandastefnu um starfskjarastefnur fjármálafyrirtækja í eigu íslenska ríkisins. Var þar tekið fram að stofnunin hefði þá þegar hafið undirbúning að breyttum starfskjarastefnum í samráði við bankanna. Einnig var upplýst um ráðningu Capacent við gerð samanburðar skýrslu um launakjör og þróun hjá viðskiptabönkum og sambærilegum aðilum.

Þann 13. mars 2019 tilkynnti Bankasýsla ríkisins ráðherra um ákvarðanir stjórnna Íslandsbanka og Landsbankans um launalækkanir bankastjóranna. Var bréf stofnunarinnar birt á heimasíðu hennar.

Ný starfskjarastefna

Í kjölfar mikilla samskipta Bankasýslu ríkisins, ráðherra og stjórnna Íslandsbanka og Landsbankans um launakjör bankastjóranna var gerð krafa af hálfu stofnunarinnar að breytingar yrðu gerðar á starfskjarastefnu þeirra þannig að komið væri til móts við túlkun ráðherra á ákvæðum eigandastefnu í bréfinu frá 28. febrúar. Síðar var uppfærð starfskjarastefna, sem birt er á heimasíðu bankanna, samþykkt á aðalfundum þeirra.

Sólarlagsákvæði afnumið

Þann 30. nóvember 2018 var lagt fram á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins. Var þar lagt til að ákvæði 9. gr. laganna yrði fellt brott en það hljóðaði svo:

„Stofnunin skal hafa lokið störfum eigi síðar en fimm árum frá því að hún er sett á fót og verður hún þá lögð niður.“

Í athugasemdum með frumvarpinu kom fram að að eftir lögfræðilega skoðun innan fjármála- og efnahagsráðuneytisins hafi það verið niðurstaða að ekki yrði ótvírætt ráðið af lagagreininni að starfsemi Bankasýslunnar legðist sjálfkrafa niður að liðnum fimm árum frá því að stofnunin tók til starfa. Síðan sagði að með hliðsjón af því að stofnunin hefur ekki lokið störfum eins og kveðið er á um í 9. gr. laganna, sbr. einnig ný verkefni sem henni voru falin með lögum um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum, nr. 155/2012, hafði það verið niðurstaða ráðuneytisins að stofnunina þyrfti að leggja niður með sérstökum lögum. Um leið myndi öðru stjórnvaldi, eða stjórnvöldum, verða falin lögbundin verkefni hennar. Þrátt fyrir framangreint, að enginn vafi væri á því að stofnunin hefði traustan lagagrundvöll, var talið óheppilegt að ákvæðið standi óbreytt. Í stað þess var lagt til að bætt yrði við ákvæði til bráðabirgða um að leggja skuli stofnunina niður þegar verkefnum hennar er lokið. Í umsögn Bankasýslu ríkisins við frumvarpið, dags. 20. desember 2018, kom fram að eins og skýrt væri tekið fram í athugasemdum við frumvarpið hefði starfsemi stofnunarinnar aukist verulega á liðnum árum, m.a. með tilkomu umsýslu á 100,0% eignarhlut í Íslandsbanka. Þá kom fram að með útgáfu Hvítbókar um framtíðarsýn um fjármálakerfið teldi stofnunin líklegt að verkefni stofnunarinnar myndust aukast að umfangi næstu árin. Að mati Bankasýslu ríkisins væri enginn vafi um lagagrundvöll stofnunarinnar þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna. Með fyrirhugaðri lagabreytingu væri þessi ótvíræði skilningur stofnunarinnar lögfestur með skýrum hætti.

Lögin voru samþykkt þann 5. febrúar 2019 og tóku gildi þann 22. febrúar 2019.

Önnur hefðbundin starfsemi Bankasýslunnar

Lögbundið hlutverk og verkefni

Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins fer stofnunin með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, í samræmi við lög, góða stjórnarsýslu- og viðskiptahætti og eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma, og leggur þeim til fé fyrir hönd ríkisins á grundvelli heimildar í fjárlögum.

Stofnunin fer með allt hlutafé í Íslandsbanka og 98,2% útgefins hlutafjár og 99,7% útistandandi hlutafjár í Landsbankanum. Stofnunin fer jafnframt með 49,5% hlutafjár í Sparisjóði Austurlands hf. (áður Sparisjóður Norðfjarðar ses.).

Samkvæmt framangreindu lagaákvæði skal stofnunin í starfsemi sinni leggja áherslu á endurreisn og uppbyggingu öflugs innlands fjármálamarkaðar og stuðla að virkri og eðlilegri samkeppni á þeim markaði, tryggja gagnsæi í allri ákvarðanatöku varðandi þátttöku ríkisins í fjármálastarfsemi og tryggja virka upplýsingamiðlun til almennings.

Eignarhlutir ríkisins

Samkvæmt ákvæði a-liðar 4. gr. laga nr. 88/2009 á stofnunin að fara með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum og skv. b-lið sama ákvæðis að sjá um samskipti ríkisins við þau og tengjast eigendahlutverki og skulu samskiptin fara fram í gegnum bankaráð og stjórnir fjármálafyrirtækjanna. Fundað er með nýjum stjórnarmönnum þegar þeir taka sæti í stjórn og þeim kynnt lög nr. 88/2009 og eigendastefna ríkisins

Starfsmenn Bankasýslu ríkisins eiga reglulega fundi með stjórnendum Íslandsbanka og Landsbankans í kjölfar birtingu á fjárhagsuppgjöri þeirra. Þá á stjórn stofnunarinnar alltaf árlegan fund með stjórn Íslandsbanka og bankaráði Landsbankans.

Fundir hluthafa

Skv. ákvæði d-liðar 4. gr. laga nr. 88/2009 fer stofnunin með atkvæði ríkissjóðs á hluthafafundum fjármálafyrirtækja. Bankasýsla ríkisins hefur rétt á því að tilnefna alla sjö fulltrúa í stjórn Íslandsbanka og alla sjö fulltrúa í bankaráð Landsbankans ásamt varamönnum. Stofnunin tilnefnir síðan tvo stjórnarmenn í Sparisjóði Austurlands hf. og einn varamann.

Á aðalfundi Íslandsbanka þann 21. mars sl. fór Bankasýsla ríkisins með 100% atkvæðishlut. Á fundinum var samþykkt að greiða arð til hluthafa sem samsvaraði 5,3 ma.kr. Ennfremur voru eftirtaldir einstaklingar kjörnir í stjórn: Friðrik Sophusson, stjórnarformaður, Árni Stefánsson, Anna Þórðardóttir, Auður Finnbogadóttir, Hallgrímur Snorrason, Heiðrún Jónsdóttir og Tómas Már Sigurðsson. Varamenn voru kjörnir Herdís Gunnarsdóttir og Pálmi Kristinsson. Á fundinum voru einnig samþykktar tillögur um þóknun stjórnar, um starfskjarastefnu og um endurskoðunarfélag bankans.

Ernst og Young ehf. er endurskoðandi Íslandsbanka.⁵

Aðalfundur Landsbankans fór fram þann 4. apríl 2019. Bankasýsla ríkisins fór með 98,2% hlut í bankanum m.v. útgefna hluti og 99,7% m.v. útistandandi hluti þegar aðalfundur var haldinn, og eru því allir stjórnarmenn kjörnir af stofnuninni. Á aðalfundi Landsbankans voru eftirfarandi einstaklingar kjörnir í stjórn: Helga Björk Eiríksdóttir, stjórnarformaður, Berglind Svavarsdóttir, Einar Þór Bjarnason, Guðbrandur Sigurðsson, Hersir Sigurgeirsson, Sigríður Benediktsdóttir og Þorvaldur Jacobsen. Varamenn voru kjörnir Guðrún Ó. Blöndal og Sigurður Jón Björnsson. Eru Guðbrandur og Þorvaldur nýir aðalmenn, en þeir koma inn í stað Jón Guðmanns Péturssonar og Samúels Guðmundssonar. Sigurður er nýr varamaður.

Á fundinum voru einróma samþykktar tillögur um útgreiðslu arðs, annars vegar arðgreiðsla upp á 0,21 kr. á hlut að fjárhæð 4,961 ma.kr. og hins vegar sérstaka arðgreiðslu upp á 0,21 kr. á hlut að fjárhæð 4,961 ma.kr. Gjaldlagi fyrri arðgreiðslu var 10. apríl 2019 og gjalddagi þeirrar seinni var 2. október nk. Einnig voru samþykktar allar aðrar tillögur eins og um þóknun stjórnar, tillögur stjórnar um starfskjarastefnu og heimild til kaupa á eigin hlutum og endurskoðunarfélag bankans.

Grant Thornton endurskoðun ehf. er endurskoðandi Landsbankans.

Aðalfundur Sparisjóðs Austurlands var haldinn þann 12. apríl 2019. Á fundinum var samþykkt tillaga um að greiða ekki arð. Einnig var samþykkt tillaga um þóknun stjórnar og tillaga stjórnar um starfskjarastefnu. Í stjórn Sparisjóðs Austurlands hf. voru kjörin þau Regína Fanný Guðmundsdóttir og Sigurður Hafsteinn Pálsson, sem eru fulltrúar Bankasýslu ríkisins. Aðrir stjórnarmenn eru Jón Einar Marteinsson, Jón Björn Hákonarson og Jóna Árný Þórðardóttir. Varamenn eru Valdimar O. Hermannsson og Guðmundur J. Skúlason.

KPMG ehf. var kosinn endurskoðandi Sparisjóðs Austurlands.

⁵ Hér skal tekið fram að vegna eignarhalds ríkisins á Íslandsbanka og Landsbankanum er Ríkisendurskoðun endurskoðandi bankanna, en með sérstökum samningi fer endurskoðunin fram af hálfu annarra endurskoðunarféлага.

Samningar við stjórnir fyrirtækja

Skv. e-lið 4. gr. laga nr. 88/2009 á stofnunin að gera samninga við stjórnir hlutaðeigandi fjármálafyrirtækja sem hún fer með meirihluta í, þar á meðal um eiginfjárframlög og um sérstök og almenn markmið í rekstri þeirra og setja þau skilyrði sem hún telur nauðsynleg vegna eiginfjárframlaga og birta útdrætti úr samningum opinberlega 12 mánuðum eftir að þeir hafa verið gerðir.

Þann 16. desember 2010 var gerður samningur um almenn og sértæk markmið í rekstri Landsbankans, sem er enn í gildi. Endurskoðun á þessum samningi er hafin og vonir gera ráð fyrir að viðræðum við bankann ljúki á þessu ári. Gerður varð samningur við Íslandsbanka þann 20. desember 2018, sbr. nánar hér að framan.

Tillögur um fjármögnun og sölu eignarhluta

Skv. g-lið 4. gr. laga nr. 88/2009 á stofnunin að gera tillögur til fjármálaráðherra um frekari fjármögnun fjármálafyrirtækja á grundvelli hlutverks og markmiða stofnunarinnar. Bankasýsla ríkisins lagði ekki fram tillögur um frekari fjármögnun fjármálafyrirtækja á árinu 2018.

Samkeppnissjónarmið

Skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 88/2009 „skal [stofnunin] í starfsemi sinni og við meðferð eignarhluta ríkisins kappkosta að efla og styrkja samkeppni á fjármálamarkaði, m.a. með því að stuðla að því að öflug og virk samkeppni ríki milli fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins“.

Skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 88/2009 „skal þess [við starfsemi stofnunarinnar] vandlega gætt að trúnaðarupplýsingar um rekstur og starfsemi einstakra fjármálafyrirtækja sem hún fær vitneskju um berist ekki til annarra fjármálafyrirtækja“.

Með yfirtöku íslenska ríkisins þann 31. janúar 2016 á 95% eignarhlut í Íslandsbanka hf. myndaðist tilkynningarskylda til Samkeppniseftirlitsins, sbr. ákvæði 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005, þar sem íslenska ríkið átti fyrir meirihluta í Landsbankanum og féll því yfirtakan undir samrunaákvæði nefndra laga. Í samstarfi við Bankasýslu ríkisins tilkynnti ráðuneytið um samrunann til Samkeppniseftirlitsins. Í kjölfar var gerð sátt við eftirlitið þann 11. mars 2016 og þann sama dag birtist ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 9/2016 *Framsaf Glitnis hf. á 95% hlutafjár Íslandsbanka hf. til Ríkissjóðs Íslands*. Á grundvelli framangreindrar sáttar við Samkeppniseftirlitið samþykkti stjórn Bankasýslu ríkisins verklagsreglur varðandi öflun, vörslu og miðlun upplýsinga frá fjármálafyrirtækjum. Markmið þeirra er (a) að tryggja að öflun, varsla og miðlun upplýsinga af hálfu Bankasýslu ríkisins sé vönduð og hafi á engan hátt áhrif á samkeppni milli fjármálafyrirtækja sem hún fer með eignarhlut í og (b) að gæta þess vandlega að trúnaðarupplýsingar um rekstur og starfsemi einstakra fjármálafyrirtækja sem hún fær vitneskju um berist ekki til annarra fjármálafyrirtækja. Reglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar.

Framkvæmd eigandastefnu ríkisins

Skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 88/2009, fer „Bankasýsla ríkisins [með] eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, í samræmi við.. eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma“. Skv. c-lið 4. gr. laga um Bankasýsluna á stofnunin „[a]ð hafa eftirlit með framkvæmd eigendastefnu ríkisins eins og hún er á hverjum tíma“.

Ný eigendastefna ríkisins var birt í júlí 2017.⁶ Er stefnan fjórþætt og fjallar um markmið ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum, skipulag eigandahlutverksins, meginreglur eigendastefnu og loks stjórnarhætti, kröfur og árangursviðmið. Verður hér fjallað um hvern þátt og hvernig Bankasýsla ríkisins hagaði starfsemi sinni á nýliðnu starfsári í samræmi við gildandi eigendastefnu.

Markmið ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum

Ef fyrst er litið til markmiða ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum, þá lýtur það að þremur þáttum, (i) markmiðum ríkisins sem eigandi, (ii) markmiðum um sölu og eignarhaldi til framtíðar og (iii) markmiðum um einstök félög.

Með markmiðum eiganda, eru það þrjú atriði, sem veða þyngst;

- að umsýsla eignarhalds og starfsemi fjármálafyrirtækja stuðli að trausti og trúverðugleika fjármálamarkaðar,
- að stuðla að samkeppni á fjármálamarkaði, og
- að hámarka langtímvirði fyrir ríkissjóð að teknu tilliti til áhættu.

Að mati Bankasýslu ríkisins hefur undanfarin misseri ríkt nokkur stöðugleiki við umsýslu eignarhluta í viðskiptabönkunum, að undanskilinni neikvæðri umræðu um launakjör. Greiddur arður skv. samþykki aðalfunda bankanna nam 15,2 ma.kr. sem er töluvert minna en árin 2016 og 2017, en nánar má sjá arðgreiðslur frá árinu 2013 og hlut íslenska ríkisins í töflu 2 hér á eftir. Skýringin að baki því er sú að hagnaður bankanna litast mun minna af jákvæðum einskiptisliðum og umfram eiginfé. Má því segja að framundan sé hefðbundið og stöðugt rekstrarumhverfi og líkur á að arðgreiðslur verði af svipuðum toga næstu árin.

⁶ <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=316393f0-6168-11e7-941c-005056bc530c>

Tafla 2: Arðgreiðslur Íslandsbanka og Landsbankans frá stofnun og hlutur ríkisins (fjárhæðir í ma.kr.)

	<u>Íslandsbanki</u>	<u>Landsbankinn</u>	<u>Samtals</u>
Arðgreiðslur			
2013	3,0	10,1	13,1
2014	4,0	20,2	24,2
2015	9,0	24,0	33,0
2016	37,0	28,8	65,8
2017	10,0	25,2	35,2
2018	13,0	25,2	38,2
2019	<u>5,3</u>	<u>9,9</u>	<u>15,2</u>
Samtals	81,3	143,4	224,7
Hlutur ríkisins			
2013	0,2	9,9	10,1
2014	0,2	19,7	19,9
2015	0,5	23,5	24,0
2016	37,0	28,3	65,3
2017	10,0	24,7	34,7
2018	13,0	24,7	37,7
2019	<u>5,3</u>	<u>9,9</u>	<u>15,2</u>
Samtals	66,2	140,7	206,9

Sölu- og eignarhalds markmið íslenska ríkisins skv. eigandastefnu skiptast í þrjú viðfangsefni:

- að ásættanleg skilyrði séu fyrir hendi áður en eignarhlutir verða seldir,
- að gætt sé að langtímahagsmunum að teknu tilliti til áhættu og
- að stuðlað verði að heilbrigðu eignarhaldi til lengri tíma.

Í stefnunni segir að eignarhlutir ríkisins verði ekki seldir fyrr en skilyrði á fjármálamarkaði séu hagfelld og æskileg, líklegt að kaupendur séu til staðar og viðkomandi fyrirtæki sé tilbúið til sölu. Líta skuli til eftirfarandi þátta áður en lokaákvörðun um sölu er tekin, þ.a. að fjármagnsuppbygging og rekstur viðkomandi fjármálafyrirtækis sé í ákjósanlegu jafnvægi, að aðgreining áhættu af mismunandi starfsþáttum sé viðunandi og getu markaðarins til þess að kaupa eignarhlutinn, m.a. út frá framboði. Í stöðuskýrslu stofnunarinnar frá 2016 varðandi eignarhald og fyrirhugaða sölu á Landsbankanum hf. komu fram fjögur efnahagsleg viðmið Bankasýslu ríkisins varðandi það að hefja ferli að sölu á eignarhlutum, sett fram í því skyni að tryggja að fyrirsjáanlegt væri að ríkissjóður myndi hámarka endurheimtur fjárframlaga sinna. Viðmiðin eru:

- Að íslenskt efnahagslíf hafi styrkst og náð stöðugleika.
- Að virðismat á fjármálafyrirtækjum sé ásættanlegt.
- Að fjárfestar hafi áhuga og bolmagn á fjárfestingu í eignarhlut.
- Að rekstur, afkoma, fjárhagsskipan og stjórnarhættir viðkomandi fjármálafyrirtækis bendi til þess að fjármálafyrirtækið geti talist álitlegur fjárfestingarkostur.

Stofnunin mun áfram nýta framangreind viðmið sín við að sinna frumkvæðishlutverki komi til sölu, sbr. ákvæði laga nr. 155/2012 um sölumeðferð á eignarhlutum íslenska ríkisins í fjármálafyrirtækjum, enda er mikill samhljómur á milli markmiða í eigandastefnu og nefndra viðmiða.

Öðrum markmiðum eru síðan lýst nánar í eigandastefnunni á bls. 6-7, m.a. um að gætt sé að langtímahagsmunum að teknu tilliti til áhættu og stuðlað sé að heilbrigðu eignarhaldi til lengri tíma. Sérstaka athygli mun stofnunin veita þeim undirmarkmiðum að leitast skuli við að hámarka langtímavirði eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum að teknu tilliti til arðsemi í rekstri þeirra, arðgreiðslna, söluverðs eignarhluta og annarra þátta sem máli skipta ásamt að meta reglulega stöðu og áhættu ríkisins af eignarhaldi á meiri hluta íslenskra fjármálafyrirtækja. Að sama skapi mun stofnunin leitast við að ná því markmiði að stuðla að heilbrigðu eignarhaldi með sölumeðferð, en að mati hennar verður því best náð með dreifðu og fjölbreyttu eignarhaldi.

Í eigandastefnu íslenska ríkisins eru nákvæm markmið varðandi Landsbankann, Íslandsbanka og Sparisjóð Austurlands. Í fyrsta lagi kemur þar fram að ríkið skuli eiga verulegan eignarhlut (34-40%) í Landsbankanum til langframa til að stuðla að stöðugleika í fjármálakerfinu og tryggja nauðsynlega innviði þess. Bankasýsla ríkisins hefur bent á að til þess að ná þessu markmiði þarf að breyta ákvæði 3. tl. 1. gr. laga nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum, en það kveður á um að einungis er heimilt að selja hlut ríkisins í Landsbankanum niður í 70% af heildarhlutafé bankans (aðeins það sem er umfram 70%) eða 28,2% eins og eignarhaldi bankans er nú um stundir. Það er því ljóst að það er ekki samræmi milli löggjafar íslenska ríkisins og eigandastefnu ríkisins að þessu leyti til. Í öðru lagi segir að stefnt sé að eignarhlutir í viðskiptabönkunum verðir seldir á næstu árum þegar hagfelld og æskileg skilyrði séu fyrir hendi. Um er ræða mikilvæga yfirlýsingu sem gengur hönd í hönd við stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar um að draga skuli úr eignarhaldi ríkisins í fjármálafyrirtækjum.⁷ Í þriðja lagi segir að stefnt sé að því að selja 49,5% eignarhlut ríkisins í Sparisjóð Austurlands um leið og hægt er enda ekki markmið ríkisins að halda eignarhlutum til framtíðar.

Skipulag eigandahlutverksins

Eins og fram kemur í eigandastefnu ríkisins er hlutverk þess gagnvart fjármálamarkaðnum þríþætt: (a) stefnumótunarhlutverk, (b) eftirlitshlutverk og (c) umsýsla eignarhluta. Með lögum um Bankasýslu ríkisins og eigandastefnunni hefur Bankasýslu ríkisins verið falin umsýsla eignarhluta. Með eigandastefnu ríkisins og stofnun Bankasýslu ríkisins voru eftirlitshlutverk og eigandahlutverk ríkisins því aðskilin.

FME fer ásamt Seðlabankanum með eftirlitshlutverkið fram til 1. janúar 2020 en þá mun FME sameinast Seðlabankanum.⁸ Alþingi og fjármála- og efnahagsráðuneytið fara með stefnumótunarhlutverkið gegnum lagasetningu, frumvarpasmíð, reglugerðir ofl. Hefur því Bankasýsla ríkisins sem umsýsluaðili eignarhluta í fjármálafyrirtækjum stundum aðra sýn á málefni fjármálafyrirtækja heldur en eftirlitsaðilar. Gerir stofnunin t. að m. athugasemdir við íþyngjandi lagaákvæði í umsögnum um lagafrumvörp og gerir aðrar kröfur um rekstrarhagkvæmni og

⁷ Sjá bls. 19 í sáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a5aa63d9-d5b4-11e7-9422-005056bc530c>

⁸ Sjá lög nr. 91/2019 um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins og lög nr. 9/2019 um Seðlabanka Íslands.

upplýsingagiöf en eftirlitsaðilar. Bankasýsla ríkisins leggur mikla áherslu á að eiga gott samstarf við framangreindar stofnanir.

Meginreglur eigandastefnu

Í eigendastefnunni segir að til þess að ná fram nauðsynlegu jafnvægi milli markmiða eiganda með rekstri félagsins, almennra sjónarmiða stjórnar og stjórnenda um reksturinn og þeirra sérsjónarmiða sem leiða af hinu opinbera eignarhaldi félagsins séu settar fram tilteknar meginreglur varðandi rekstur og verkefni fjármálafyrirtækjanna. Meginreglunum er í fyrsta lagi ætlað að marka ramma um meðferð á eignarhaldi, í öðru lagi að skýra samskiptaleiðir eiganda, í þriðja lagi að vera stjórnarmönnum og stjórnendum leiðarljós við störf og í fjórða lagi að markmið og meginreglur eiganda varðandi stjórnun og stjórnarhætti verði aðgengilegar almenningi. Meginreglurnar eru tíu og hljóða eftirfarandi:

1. Jafnræðis skal gætt í samskiptum eigenda og milli eigenda og félags.
2. Viðhafa skal skýr ábyrgðarskil og stjórnunarlegan aðskilnað milli eigenda og félags, sem og milli stjórnar og stjórnenda.
3. Viðhafa skal vandaða og opna stjórnarhætti við stjórn félags.
4. Stjórn félags skal vera sjálfstæð í störfum sínum og bera ábyrgð á starfsemi og rekstri félagsins gagnvart eiganda sínum.
5. Félagið skal starfa í samræmi við eigandastefnu og árangursviðmið eiganda.
6. Félagið skal vinna að þeim samfélagslegu markmiðum sem eigandi stefnir að með eignarhaldinu.
7. Stjórn félags skal skipuð hæfum einstaklingum, því sem næst jafnmörgum konum og körlum, með góða menntun og haldgóða reynslu sem hæfir á viðkomandi sviði.
8. Félagið skal setja sér starfskjarastefnu sem er samkeppnishæf, en hófleg og ekki leiðandi.
9. Félagið skal stefna að því að auka samkeppni og draga úr fákeppni með starfsemi sinni.
10. Félagið skal gæta hlutlægni og jafnræðis við innkaup og ráðstöfun eigna og aðrar fjárhagslegar ráðstafanir.

Stjórn og starfsmenn

Yfirstjórn Bankasýslu ríkisins er í höndum þriggja manna stjórnar, sem skipuð er af fjármála- og efnahagsráðherra. Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri stofnunarinnar, skv. 2. gr. laga nr. 88/2009.

Í stjórn Bankasýslu ríkisins sitja þau Lárus L. Blöndal, formaður, Margrét Kristmannsdóttir og Vilhjálmur Bjarnason sem aðalmenn og Krístrún Heimsdóttir sem varamaður. Voru aðalmenn endurskipaðir 14. ágúst sl., en Krístrún kom inn sem nýr varamaður fyrir Hildi Dungal.

Forstjóri Bankasýslu ríkisins er Jón G. Jónsson. Forstjóri mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti stofnunarinnar og annast daglega stjórn hennar ásamt því að ráða starfslið. Hann ber ábyrgð gagnvart stjórninni á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, skv. 3. gr. laga nr. 88/2009.

Karl Finnbogason er sérfræðingur stofnunarinnar í eignastýringu. Hann hefur eftirlit með eignum í umsjá Bankasýslu ríkisins, tekur þátt í að framfylgja eigandastefnu ríkisins, sér um regluleg samskipti stofnunarinnar við fjármálafyrirtæki, sem hún fer með eignarhluti í, sér um upplýsingagiöf til eiganda og greiningu á fjárhag og rekstri fjármálafyrirtækjanna.

Þórólfur Heiðar Þorsteinsson er lögfræðingur stofnunarinnar. Hann veitir ráðgjöf varðandi ýmis lögfræðileg málefni sem varða Bankasýslu ríkisins og starfsemi hennar, m.a. samningagerð, rekstur stjórnsýslumála, ritun minnisblaða, umsagna um lagafrumvörp og annarra lögfræðilegra skjala.

Valnefnd

Stjórn Bankasýslu ríkisins skipar þriggja manna valnefnd, sem gerir tillögu um stjórnarmenn fyrir hönd ríkisins þegar tilnefna þarf í stjórnir fyrirtækja á forræði stofnunarinnar, sbr. 7. gr. laga nr. 88/2009.

Valnefnd Bankasýslu ríkisins skipa þau Þórdís Ingadóttir, formaður, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík og Auður Bjarnadóttir, ráðgjafi hjá Capacent. Jón Sigurgeirsson, framkvæmdarstjóri alþjóðasamskipta og skrifstofu bankastjóra hjá Seðlabanka Íslands, hvarf úr valnefnd snemma árs 2019, þegar ljóst var að hann tók við stjórnendastöðu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington.

Listi yfir stjórnarmenn Bankasýslunnar

Íslandsbanki

Friðrik Sophusson, stjórnarformaður
Tómas Már Sigurðsson, varaformaður
Anna Þórðardóttir, meðstjórnandi
Auður Finnbogadóttir, meðstjórnandi
Árni Stefánsson, meðstjórnandi
Hallgrímur Snorrason, meðstjórnandi
Heiðrún Jónsdóttir, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn Íslandsbanka eru Herdís Gunnarsdóttir og Pálmi Kristinsson.

Landsbankinn

Helga Björk Eiríksdóttir, stjórnarformaður
Berglind Svavarsdóttir, varaformaður
Einar Þór Bjarnason, meðstjórnandi
Guðbrandur Sigurðsson, meðstjórnandi
Hersir Sigurgeirsson, meðstjórnandi
Sigríður Benediktsdóttir, meðstjórnandi
Þorvaldur Jacobsen, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn Landsbankans eru Guðrún Ó. Blöndal og Sigurður Jón Björnsson.

Sparisjóður Austurlands hf.

Regína Fanný Guðmundsdóttir, varaformaður
Sigurður H. Pálsson, meðstjórnandi

Varamaður í stjórn Sparisjóðs Austurlands hf. er Guðmundur J. Skúlason.

Rekstur fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins á árinu 2018

Eftir samfelldan hagvöxt í hagkerfinu frá árinu 2010 gera hagspár nú ráð fyrir samdrætti á árinu 2019. Reikna má með því að virðisbreytingar útlána bankanna sem voru jákvæðar á liðnu ári og hafa verið jákvæður liður frá árinu 2012 verði nú neikvæður liður í rekstrarreikningi fjármálafyrirtækja. Vanskilahlutföll bankanna eru enn lág en reikna má með hækkun þeirra í takt við versnandi horfur í hagkerfinu. Þann 1. janúar 2018 innleiddu bankarnir alþjóðlegu reikningsskilastaðlana IFRS 9 og IFRS 15. Sá fyrirnefndi breytir aðferðinni við mat á virðisrýrnun útlána og krafna og skal matið nú byggt á væntu útlánatapi en ekki á áorðnu tapi líkt og fyrri staðall IAS 39 sagði til um. Einskiptisliðir lita jafnframt enn uppgjör bankanna en vonir standa til að áhrifa þeirra gæti minna á komandi árum og að afkoma bankanna ráðist í ríkari mæli af hefðbundinni viðskiptabankastarfsemi. Afkoma dótturfélaga hefur enn fremur neikvæð áhrif á afkomu Íslandsbanka en nú liggur fyrir að Íslandsbanki hyggst selja 63,2% eignarhlut sinn í greiðslumiðlunarfyrirtækinu Borgun. Fjármálafyrirtæki hafa enn fremur lagt í verulegan kostnað við uppfærslu á upplýsingatæknikerfum sem sett hefur svip á afkomu þeirra sem og aukna stafræna þjónustu til að mæta aukinni samkeppni fjártæknifyrirtækja og lífeyrissjóða á innlendum markaði. Bankarnir hafa jafnframt þurft að standa skil á ýmsum álögum í formi skatta og eftirlitsgjalda sem samkeppnisaðilar þeirra þurfa ekki að greiða, má þar fyrst nefna sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, eða bankaskattinn svokallaða sem nemur 0,376% af heildarskuldum umfram 50 ma. kr., sérstakan fjársýsluskatt sem reiknast af skattskyldum hagnaði umfram 1 ma. kr. og loks 5,5% fjársýsluskatt á laun. Afgreiðslu frumvarps sem lagt var fram á vorþingi og sneri að lækkun bankaskatts var frestað um eitt ár en frumvarpið sneri að lækkun á bankaskatti niður í 0,145% fram til ársins 2023. Hver áhrif fyrirhugaðrar lækkunar bankaskatts verða á rekstur og starfsemi banka og hvernig ábati af lækkun hans mun skiptast á milli viðskiptavina og hluthafa mun tíminn leiða í ljós. Eiginfjárkröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja eru nú meiri en nokkru sinni sem hefur í för með sér hærri útlánavexti og lakari arðsemi fjármálafyrirtækja. Bankarnir þurfa áfram að horfa innávið í rekstri sínum og hagræða eins og kostur er við núverandi aðstæður til að ná fjárhagslegum markmiðum sínum.

Afkoman versnaði um 3,0 ma.kr. milli ára 2017 og 2018

Hagnaður Íslandsbanka og Landsbankans hf. nam 29,9 ma.kr. á samstæðugrunni eftir skatta og lækkar um þrjú miljarða á milli ára. Hreinar vaxtatekjur hækka um 6,5 ma.kr. eða um 10%. Hreinar þjónustutekjur lækka um 1,8 ma.kr. eða um 8%. Virðisbreytingar útlána skila jákvæðri afkomu að fjárhæð 2,9 ma.kr. en voru jákvæðar um 3,3 ma.kr. árið áður. Reikna má með því að virðisbreytingar útlána verði senn neikvæð stærð eins og eðlilegt getur talist þegar jákvæðra áhrifa af endurmati lánasafna þeirra gætir ekki lengur. Fjármunatekjur dragast ennfremur verulega saman á milli ára og eru jákvæðar um 0,7 ma.kr. og lækka um 4,4 ma.kr. á milli ára. Einfalt meðaltal arðsemi viðskiptabankanna árið 2018 nam 6,9% en 2017 var arðsemin 7,6%.

Samfara miklum hagnaði síðastliðin ár hefur eigið fé viðskiptabankanna aukist mikið. Samanlagt nam það 415,9 ma.kr. í lok árs 2018 en eigið fé viðskiptabankanna í lok árs 2017 nam 427,1 ma.kr. Umtalsverðar arðgreiðslur áttu sér stað á liðnu ári en Landsbankinn greiddi 24,8 ma.kr. og Íslandsbanki 13,0 ma.kr. í arð til hluthafa. Hagnaður Íslandsbanka var 10,6 ma.kr. og arðsemin 6,3% og hagnaður Landsbankans var 19,2 ma.kr. og arðsemin 7,9%.

Tafla 3: Rekstrarafkoma Íslandsbanka og Landsbankans hf. 2014 til 2018 (fjárhæðir í m.kr.)

Hagnaður eftir skatta	Íslandsbanki	Landsbankinn
2014	22.750	29.736
2015	20.578	36.460
2016	20.158	16.643
2017	13.226	19.766
2018	10.645	19.260

Arðsemi eigin fjár*	Íslandsbanki	Landsbankinn
2014	13,0%	12,1%
2015	10,8%	14,2%
2016	10,6%	6,5%
2017	7,3%	7,9%
2018	6,3%	7,9%

*Útreikningar m.v. meðalstöðu eigin fjár hluthafa

Sveiflur vegna virðisbreytinga útlána svo og aðrir óreglulegir liðir, eins og þeir sem varða lögmæti gengistryggðra lána, hafa litað uppgjör viðskiptabankanna frá stofnun þeirra. Bankasýsla ríkisins hefur því frá upphafi kosið að horfa meira á „grunnrekstur“, þ.e. reglulegan rekstur og kjarnarekstur.

Áður en áfram er haldið verður farið yfir þá mælikvarða sem Bankasýsla ríkisins hefur notað síðustu ár til að meta árangur viðskiptabankanna. Mælikvarðarnir í töflu 4 lýsa betur rekstrarhæfi til framtíðar og auðvelda samanburð á rekstrarafkomu milli ára, þar sem einskis- og óreglulegir liðir eru ekki taldir með við mælingu á rekstrarárangri. Mælikvarðarnir eru eftirfarandi:

Tafla 4: Skilgreiningar Bankasýslunnar á reglulegum rekstri og kjarnarekstri banka

Hugtak	Skilgreining
Reglulegur rekstur	Reglulegur rekstur (reglulegar tekjur – reglulegur kostnaður). Reglulegar tekjur eru hreinar vaxtatekjur og hreinar þjónustutekjur. Reglulegur kostnaður er laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður, gjöld í TIF og afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.
Kjarnarekstur	Reglulegur rekstur auk fjármunatekna. Til fjármunatekna telst hagnaður eða tap af veltufjáreignum og hagnaður eða tap af fjáreignum tilgreindum á gangvirði.

Skilgreiningarnar eru ekki gallalausar og takmarkast við opinberar tölur úr ársreikningum innlánsstofnana. Auk þess sem áherslumunur, en ekki eðlismunur, er í rekstri viðskiptabankanna, t.d. varðandi áhrif dótturfélaga á uppgjör samstæðu.

Umdeilanlegt er hver sé grunnrekstur banka og þannig hentar mæling á afkomu af kjarnarekstri betur fyrir banka sem reisa afkomu sína að töluverðum hluta á fjárfestingarbankastarfsemi og ráðstafað hafa verulegum hluta eigna sinna í starfsemi þar að lútandi. Hins vegar eru vaxta- og þjónustutekjur hvað stöðugastar og ekki jafn næmar fyrir sveiflum á markaði líkt og fjármunatekjur. Því má draga þá ályktun að banki, sem hefur háa arðsemi af reglulegum rekstri, hafi stöðugan og öruggan tekjugrunn. Lítil munur ætti að vera á milli reglulegs rekstrar og kjarnarekstrar hjá bönkum, sem einbeita sér að hefðbundnum bankarekstri.

Í greiningunni sem hér fer á eftir er notast við framangreindar skilgreiningar á rekstri, auk eftirfarandi kennitalna sem hafa verið skilgreindar í töflu 4 hér að framan.

Tafla 5: Kennitölur í rekstri

Rekstrar- og afkomuhugtak	Skilgreining
Arðsemi reglulegs rekstrar:	(Reglulegar tekjur – Reglulegur kostnaður – Reiknaðir skattar)/Meðalstaða eigin fjár
Arðsemi kjarnarekstrar:	(Reglulegar tekjur + fjármunatekjur – Reglulegur kostnaður – Reiknaðir skattar)/Meðalstaða eigin fjár
Hlutfall innlána af útlánum:	Innlán viðskiptavina/Útlán viðskiptavina
Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar:	Reglulegur kostnaður/Reglulegar tekjur
Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar:	Reglulegur kostnaður/(Reglulegar tekjur + fjármunatekjur)
Kostnaður sem hlutfall af heildareignum:	Reglulegur kostnaður/Meðalstaða eigna
Meðalstaða eigin fjár:	Meðaltal eigin fjár í upphafi og lok árs
Meðalstaða eigna:	Meðaltal eigna í upphafi og lok árs
Vaxtamunur:	Hreinar vaxtatekjur/Meðalstaða eigna


Árið 2018 voru reglulegar tekjur (hreinar vaxta- og þjónustutekjur) að meðaltali 94,2% rekstrartekna. Síðastliðin fimm ár hefur vegið meðaltal reglulegra tekna bankanna legið á bilinu 81,3% til 94,2% af rekstrartekjum og meðaltal fjármunatekna sem hlutfall af rekstrartekjum legið á bilinu 0,7% til 16,8%. Í þessu samhengi ber að líta til þess að bankarnir hafa haldið á mismunandi stórum stöðum í fjármálagerningum, fjárfestingareignum og fjárfestingum í hlutdeildarfélögum sem hlutfall af eignum. Í árslok nam staða Íslandsbanka í fjármálagerningum, fjárfestingaeignum og fjárfestingum í hlutdeildarfélögum samtals 7,7% af heildareignum bankans (fimm ára meðaltal: 7,2%) sem var sú sama og hjá Landsbankanum (fimm ára meðaltal: 16,4%).

Afkoma af reglulegum rekstri viðskiptabankanna að aukast milli 2017 og 2018.

Hagnaður af reglulegum rekstri viðskiptabankanna jókst á milli árunna 2017 og 2018 um 3,5 ma.kr. samanborið við 1,6 ma.kr. samdrátt á milli árunna 2016 og 2017. Afkoma af reglulegum rekstri bankanna batnar því á milli tímabila. Hreinar vaxtatekjur hækka um 6,5 ma.kr. eða um 10%. Hreinar þjónustutekjur lækka um 1,8 ma.kr. eða um 8%. Gjöld af reglulegri starfsemi stóðu nánast í stað á milli ára.

Á mynd 3 má sjá hagnað og arðsemi Íslandsbanka og Landsbankans af reglulegum rekstri síðastliðin fimm ár.

Mynd 3: Hagnaður og arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatt 2014-2018 (m.kr.)



Sjá má að arðsemi reglulegs rekstrar hefur legið á bilinu 4,6% til 7,7% og að hagnaður af reglulegum rekstri eftir reiknaða skatta dróst saman á milli árunna 2016 og 2017 en jókst aftur á milli árunna 2017-2018.

Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatta árið 2018 nam 7,0% hjá Íslandsbanka og 8,2% hjá Landsbankanum. Þegar söguleg arðsemi viðskiptabankanna er skoðuð, sem og innbyrðis arðsemi þeirra á milli, verður að taka tillit til þess að eigið fé viðskiptabankanna hefur hækkað mikið frá árslokum 2009 og er misjafnt milli banka. Á móti kemur að herra eigið fé ætti að gera bönkunum kleift að halda á útlánum með herra áhættuvægi og hærri vaxtatekjum. Þróun arðsemi reglulegs rekstrar einstakra banka má sjá á mynd 4 hér á eftir.


Mynd 4: Arðsemi reglulegs rekstrar 2014-2018



Af myndinni má sjá að þróun arðsemi reglulegs rekstrar samkvæmt framangreindri skilgreiningu er misjöfn milli bankanna. Arðsemi Landsbankans hefur lagast jafnt og þétt frá árinu 2014 og fer frá því að vera 3,2% yfir í 8,2% á árinu 2018. Arðsemi Íslandsbanka hækkar og fer úr 6,8% í 7,0%.

Annar mælikvarði er kjarnarekstur. Á mynd 5 má sjá afkomu af kjarnarekstri eftir skatta.

Mynd 5: Hagnaður (ma. kr.) og arðsemi kjarnarekstrar bankanna eftir reiknaða skatta




Hagnaður af kjarnarekstri viðskiptabankanna var að meðaltali 32,5 ma.kr. á ári síðastliðin fimm ár á meðan hagnaður af reglulegum rekstri var 27,3 ma.kr. Þannig hefur afkoma kjarnarekstrar verið umtalsvert betri enda tekið tillit til fleiri tekjubátta.

Afkoma viðskiptabankanna af kjarnarekstri nam 32,8 ma.kr. á árinu 2018 og stendur því sem næst í stað á milli ára. Á meðan afkoma Íslandsbanka var nánast sú sama af reglulegum rekstri og kjarnarekstri var umtalsvert meiri sveifla á milli þessara liða hjá Landsbankanum þar sem afkoma af reglulegum rekstri batnaði um 4,2 ma.kr. en fjármunatekjur lækkuðu um 4,1 ma.kr.

Að meðaltali var arðsemi kjarnarekstrar 7,8% árið 2018 og arðsemin því nánast sú sama og af reglulegum rekstri. Arðsemi kjarnarekstrar hjá Íslandsbanka var 6,5% og hjá Landsbankanum var arðsemin 8,8%. Á mynd 6 hér á eftir má sjá þróun arðsemi kjarnarekstrar fyrir einstaka banka sl. fimm ár.

Mynd 6: Arðsemi kjarnarekstrar 2014-2018



■ Rekstrarreikningur viðskiptabankanna


Aukning í vaxtatekjum

Vaxtatekjur eru stærsti tekjuliður bankanna og hafa breytingar í vaxtaumhverfi og verðbólgu því mikil áhrif á afkomu bankanna. Hreinar vaxtatekjur stjórnast aðallega af fjárhæð vaxtaberandi útlána, vaxtamun útlána og fjármögnunar ásamt verðbólgu ársins. Hreinar vaxtatekjur bankanna námu samtals 72,7 ma.kr. árið 2018 en voru 66,3 ma.kr. árið áður og aukast um 9,8% á milli ára.

Bankarnir eiga meira af verðtryggðum eignum heldur en skuldum og því hefur meiri verðbólga jákvæð áhrif á hreinar vaxtatekjur til hækkunar. Vísitala neysliverðs til verðtryggingar hækkaði um 3,7% yfir árið 2018 samanborið við 1,9% árið 2017. Eins og nefnt var hér að framan þá er verðtryggingarjöfnuður allra bankanna þriggja jákvæður. Verðtryggingarjöfnuður Landsbankans var jákvæður um 171,3 ma. kr. í lok ársins 2018, sem þýðir að 1,0% hækkun á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar á ári skilar 1,7 ma.kr. aukningu í hreinum vaxtatekjum Landsbankans. Verðtryggingarjöfnuður Íslandsbanka var 12,0 ma.kr. Samtals er verðtryggingarjöfnuðurinn jákvæður um 183,3 ma.kr. hjá í lok árs 2018 og 1,0% hækkun á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar þýðir því 1,8 ma.kr. aukningu í hreinum vaxtatekjum.

Vaxtamunur bankanna hefur einnig áhrif og hann má mæla á marga vegu. Algengt er að hann sé mældur sem hreinar vaxtatekjur ársins sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna á árinu. Mynd 7 hér að neðan sýnir þróun á þessu hlutfalli síðastliðin 5 ár:

Mynd 7: Vaxtamunur viðskiptabankanna 2014-2018



Veginn meðal vaxtamunur bankanna árið 2018 nam 3,1% en var 3,0% á árinu 2017. Á mynd 7 sést þróun vaxtamunar einstakra viðskiptabanka eftir árum. Hár vaxtamunur bankanna í samanburði við erlenda banka skýrist m.a. af miklu eigin fé, sem ekki ber vaxtakostnað eins og önnur fjármögnun.

Vöxtur í þjónustutekjum

Hreinar þjónustutekjur viðskiptabankanna lækkuðu um 1,8 ma.kr. eða um 8,1% á milli 2017 og 2018. Þjónustutekjur Landsbankans lækkuðu um 3,2% á meðan þjónustutekjur Íslandsbanka lækkuðu 11,1%. Tafla 6 hér að neðan sýnir þróun þjónustutekna síðastliðin fimm ár.

Tafla 6: Þróun þjónustutekna viðskiptabankanna 2014-2018 (m.kr.)

	<u>2014</u>	<u>2015</u>	<u>2016</u>	<u>2017</u>	<u>2018</u>
Íslandsbanki	11.483	13.170	13.723	13.750	12.227
Landsbankinn	<u>5.836</u>	<u>6.841</u>	<u>7.809</u>	<u>8.431</u>	<u>8.157</u>
Samtals	17.319	20.011	21.532	22.181	20.384

Eins og sjá má í töflunni eru þjónustutekjur Landsbankans lægri en Íslandsbanka. Meginástæða þess er sú að Borgun eru hluti af samstæðu Íslandsbanka. Hins vegar er ekkert kortafyrirtæki hluti af samstæðu Landsbankans. Hlutfall þjónustutekna af reglulegum rekstrartekjum var 27,7% hjá Íslandsbanka en 16,7% hjá Landsbankanum.

Fjármunatekjur og aðrar tekjur

Hreinar fjármunatekjur Íslandsbanka og Landsbankans námu samanlagt 0,7 ma.kr. á árinu 2018 á móti 5,1 ma.kr. á árinu 2017. Til fjármunatekna telst hagnaður (tap) af fjáreignum tilgreindum á gangvirði og hagnaður (tap) af veltufjáreignum og - skuldum. Fjármunatekjur Landsbankans hafa verið að meðaltali 5,7 ma.kr á ári sl. fimm ár en 2,0 ma.kr. kr. að meðaltali á ári hjá Íslandsbanka.


Fjármunatekjur árið 2018 voru hæstar hjá Landsbankanum eða 1,6 ma.kr. en -1,0 ma.kr. hjá Íslandsbanka. Hreinar fjármunatekjur ráðast annars vegar af hversu stórar stöður eru í fjármálagerningum og hins vegar hvaða ávöxtun bankarnir hafa af þeim. Fjármálagerningar síðastliðin fimm ár hafa numið að meðaltali 16,4% af heildareignum Landsbankans en aðeins 7,2% hjá Íslandsbanka. Það kemur því ekki á óvart að Landsbankinn hefur alla jafna verið með hærri hreinar fjármunatekjur en Íslandsbanki.

Aðrar tekjur viðskiptabankanna námu 5,1 ma.kr. árið 2018 samanborið við 4,2 ma.kr. árið 2017 (meðaltal sl. fimm ára 3,8 ma.kr.).

Gjöld

Reglulegur rekstrarkostnaður bankanna, eins og hann er skilgreindur hér að framan, hefur aukist að nafnvirði sl. fimm ár um 9,8% en dregist saman að raunvirði um 1,7% að teknu tilliti til verðbólgu yfir sama tímabil. Stærstur hluti rekstrarkostnaðar bankanna eru launakostnaður og annar rekstrarkostnaður. Þróunin hefur þó verið mjög ólík á milli bankanna.


Mynd 8: Reglulegur rekstrarkostnaður viðskiptabankanna 2014-2018 (m.kr.)



Þegar kostnaður af reglulegum rekstri sem hlutfall af reglulegum tekjum eins og skilgreint var hér að framan er skoðaður þá kemur eftirfarandi mynd í ljós.


Á mynd 9 má sjá kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar bankanna. Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar er 65,3% hjá Íslandsbanka en 48,9% hjá Landsbankanum. Dótturfélag Íslandsbanka, Borgun, hefur hér umtalsverð áhrif á kostnaðarhlutfallið.

Mynd 9: Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar 2014-2018



Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar horfir bæði á tekjur og kostnað. Einnig er unnt að skoða kostnað sem hlutfall af meðalstöðu eigna. Rekstrarkostnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af meðalstöðu eigna var 2,7% hjá Íslandsbanka og 1,9% hjá Landsbankanum. Mynd 10 sýnir þróun á þessu hlutfalli milli ára hjá bönkunum sl. fimm ár.

Mynd 10: Reglulegur kostnaður sem hlutfall af meðalstöðu eigna 2014-2018



Kostnaðarhlutfallið hefur haldist óbreytt hjá Íslandsbanka 2017 og 2018 en lækkar aftur á móti hjá Landsbankanum á milli ára. Hér þarf þó að hafa í huga þann eðlismun sem er á Landsbankanum og Íslandsbanka, þ.e. Borgun er hluti af efnahagsreikningi Íslandsbanka sem skapar umtalsverðar þjónustutekjur og kostnað, en hlutfallslega litlar eignir standa á bak við.


■ Efnahagsreikningur viðskiptabankanna

Eignir viðskiptabankanna voru 2.456,4 ma.kr. í árslok 2018 og jukust að nafnvirði um 10,2% en að raunvirði um 6,2%. Útlán viðskiptabankanna voru sem fyrr stærsti eignaflokkur á efnahagsreikningi bankanna og samsvaraði 77,8% af heildareignum þeirra. Handbært fé og innistæður voru 8,4% af efnahagsreikningi bankanna, fjármálagerningar 7,7%, lán til lánastofnana voru 4,6% og aðrar eignir 1,5%. Óveruleg breyting varð á þessum hlutföllum á milli ára.

Skuldir og eigið fé

Landsbankinn og Íslandsbanki voru í lok árs 2018 fjármagnaðir af innlánum viðskiptavina og innlánsstofnana 53,8%, með eigin fé 16,9% og með lántökum og öðrum skuldum 29,2%. Vægi innlána og eigin fjár minnkar á milli ára og lántaka eykst.

Mynd 11: Fjármögnun viðskiptabankanna 31.12.2018



Eiginfjárhlutfall


Eiginfjárhlutfall Landsbankans lækkaði á milli ára og var 24,9% á móti 26,7% í lok árs 2017. Eiginfjárhlutfall Íslandsbanka var 22,2% en var 24,1% í lok árs 2017. Eiginfjárþáttur A hjá Íslandsbanka lækkaði úr 22,6% í 20,3% og hjá Landsbankanum úr 26,3% í 23,6%. Eiginfjárhlutföll viðskiptabankanna eru nær eingöngu reist á eiginfjárþætti A í lok árs 2018.

Eignahlið efnahagsreiknings

Á mynd 12 má sjá eignir viðskiptabankanna flokkaðar í útlán, sem er fyrsti eignaflokkurinn, og endurspeglar best hefðbundinn viðskiptabankarekstur eða reglulegan rekstur. Útlán námu 78,6% af eignum Íslandsbanka og 85,7% af eignum Landsbankans í árslok 2018.

Í öðrum eignaflokknum eru svo fjármálagerningar en samanlagt endurspegla eignaflokkur eitt og tvö kjarnarekstur. Hlutfall fjármálagerninga af heildareignum er hjá Landsbankanum 7,7% af heildareignum. Hlutfall fjármálagerninga er 7,7% hjá Íslandsbanka.

Mynd 12: Skipting eigna viðskiptabankanna 31.12.2018



■ Íslandsbanki

Hagnaður Íslandsbanka nam 10,6 ma.kr. árið 2018 og dróst hagnaður bankans saman um 2,6 ma.kr. milli ára en hagnaðurinn nam 13,2 ma.kr. á árinu 2017. Afkoma grunnrekstrar eða reglulegs rekstrar var nánast óbreytt á milli ára og nam 12,3 ma.kr. Hreinar vaxtatekjur voru 31,9 ma.kr. en voru 30,0 ma.kr. árið 2017. Þóknatekjur voru 12,2 ma.kr. og lækkuðu um 1,5 ma.kr. á milli ára. Laun og launakostnaður lækkaði um 0,3 ma.kr. á milli ára og annar rekstrarkostnaður nam 10,8 ma.kr. og hækkaði lítillega á milli ára. Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna nam 2,9% árið 2018 rétt eins og á árinu 2017.

Tafla 10: Reglulegur rekstur Íslandsbanka (fjárhæðir í m.kr.)

	2018	2017	2016	2015	2014
Hreinar vaxtatekjur	31.937	29.999	31.802	28.010	27.105
Hreinar þjónustutekjur	12.227	13.750	13.723	13.170	11.483
Samtals reglulegar tekjur	44.164	43.749	45.525	41.180	38.588
Laun og launatengd gjöld	15.500	15.810	14.789	13.891	13.307
Annar rekstrarkostnaður	10.838	10.713	10.260	9.061	8.631
Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna	1.312	1.022	372	808	963
Framlag í Tryggingarstjóð innstæðueigenda	1.173	1.083	1.063	1.067	1.055
Samtals reglulegur kostnaður	28.823	28.628	26.484	24.827	23.956
Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatta	15.341	15.121	19.041	16.353	14.632
Afkoma af reglulegum rekstri eftir skatta	12.273	12.097	15.233	13.082	11.706
Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatta	8,70%	8,60%	10,20%	8,60%	8,40%
Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatta	7,00%	6,80%	8,20%	6,80%	6,70%
Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar	65,30%	65,40%	58,20%	60,30%	62,10%

Hreinar fjármunatekjur Íslandsbanka voru neikvæðar um 1,0 ma.kr. á árinu 2018 en en voru neikvæðar um 0,7 ma.kr. árið 2017. Afkoma af kjarnarekstri eftir skatta nam 11,5 ma.kr. og stendur í stað á milli ára.

Tafla 11: Kjarnarekstur Íslandsbanka (fjárhæðir í m.kr.)

	2018	2017	2016	2015	2014
Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatt	15.341	15.121	19.041	16.353	14.632
Hreinar fjármunatekjur	-962	-715	-90	3.881	1.793
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt	14.379	14.406	18.951	20.234	16.425
Afkoma af kjarnarekstri eftir skatt	11.503	11.525	15.161	16.187	13.140
Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatt	8,20%	8,20%	10,20%	10,60%	9,40%
Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatt	6,50%	6,50%	8,10%	8,50%	7,50%
Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar	66,70%	66,50%	58,30%	55,10%	59,30%

Tafla 12: Efnahagsreikningur Íslandsbanka (fjárhæðir í m.kr.)

	2018	2017	2016	2015	2014
Handbært fé og innstæður hjá Sí	135.056	189.045	275.453	216.760	103.389
Lán til lánastofnana	41.577	26.617	17.645	35.534	35.072
Lán til viðskiptavina	846.599	755.175	687.840	665.711	634.799
Hlutabréf	13.074	10.177	10.626	18.320	10.531
Skuldabréf	69.415	27.090	31.256	78.606	87.347
Aðrir fjármálagerningar	4.550	2.896	1.953	1.981	1.810
Aðrar eignir	20.132	24.822	22.781	28.857	38.380
Samtals eignir	1.130.403	1.035.822	1.047.554	1.045.769	911.328
Skuldir við innlánsstofnanir	15.619	11.189	4.922	25.631	25.796
Innlán frá viðskiptavinum	578.959	567.029	594.187	593.245	529.447
Lántaka	300.976	217.748	212.468	150.308	96.889
Víkjandi lán	16.216	9.505	0	19.517	21.306
Aðrar skuldir	42.320	49.306	57.052	54.841	52.403
Samtals skuldir	954.090	854.777	868.629	843.542	725.841
Eigið fé hluthafa	173.995	178.566	174.702	198.290	183.823
Eigið fé minnihluta	2.318	2.479	4.223	3.937	1.664
Samtals eigið fé	176.313	181.045	178.925	202.227	185.487
Samtals skuldir og eigið fé	1.130.403	1.035.822	1.047.554	1.045.769	911.328

■ Landsbankinn

Bókhaldsleg afkoma Landsbankans lækkaði á milli áráanna 2017 og 2018 og nam hagnaður 19,3 ma.kr. árið 2018 samanborið við hagnað upp á 19,8 ma.kr. árið áður. Stærstu breytingarnar liggja í breytingu á hreinum vaxtatekjum en þær jukust um 4,5 ma.kr. milli ára, eða um 12,5% og lækkun á öðrum rekstrartekjum en þær lækka um 3,4 ma.kr. á milli ára. Afkoma bankans af reglulegum rekstri eftir skatta nam 20 ma.kr. á árinu 2018 samanborið við 16,7 ma.kr. árið 2017. Arðsemi reglulegs rekstrar var 11,3% en var 6,7% árið 2017. Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar var 48,9% en var 53,4% á árinu 2017. Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna var 3,2% og hækkar lítilla frá fyrra ári þegar hann var 3,1%.

Tafla 13: Reglulegur rekstur Landsbankans (fjárhæðir í m.kr.)

	2018	2017	2016	2015	2014
Hreinar vaxtatekjur	40.814	36.271	34.650	32.324	28.073
Hreinar þjónustutekjur	8.157	8.431	7.809	6.841	5.836
Samtals reglulegar tekjur	48.971	44.702	42.459	39.165	33.909
Laun og launatengd gjöld	14.589	14.061	14.049	13.754	13.567
Annar rekstrarkostnaður	7.150	7.794	7.586	8.061	8.545
Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna	879	718	611	663	942
Framlag í Tryggingarstjóð innstæðueigenda	1.319	1.277	1.268	1.254	1.034
Samtals reglulegur kostnaður	23.937	23.850	23.514	23.732	24.088
Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatta	25.034	20.852	18.945	15.433	9.821
Afkoma af reglulegum rekstri eftir skatta	20.027	16.682	15.156	12.346	7.857
Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatta	10,30%	8,40%	7,30%	6,00%	4,00%
Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatta	8,20%	6,70%	5,90%	4,80%	3,20%
Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar	48,90%	53,40%	55,40%	60,60%	71,00%

Hlutfallslega hefur vægi fjármunatekna verið mun hærra hjá Landsbankanum en hinum bönkunum, enda bindur hann mun hærra hlutfall eigna sinna í fjármálagerningum. Þetta hlutfall hefur þó lækkað verulega og í lok árs 2018 námu fjármálagerningar 8% af heildareignum bankans en voru 12% í lok árs 2017. Fjármunatekjur Landsbankans lækkuðu umtalsvert á milli ára og námu 1,7 ma.kr. á árinu 2018 en voru 5,8 ma.kr. á árinu 2017. Arðsemi kjarnarekstar eftir reiknaða skatta fór í 12,1% á árinu 2018 en var 8,6% árið 2017.

Tafla 14: Kjarnarekstur Landsbankans (fjárhæðir í m.kr.)

	2018	2017	2016	2015	2014
Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatt	25.034	20.852	18.945	15.433	9.821
Hreinar fjármunatekjur	1.654	5.802	1.755	12.726	6.763
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt	26.688	26.654	20.700	28.159	16.584
Afkoma af kjarnarekstri eftir skatt	21.350	21.323	16.560	22.527	13.267
Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatt	11,00%	10,70%	8,00%	10,90%	6,70%
Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatt	8,80%	8,60%	6,40%	8,70%	5,40%
Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar	47,30%	47,20%	53,20%	45,70%	59,20%

Tafla 15: Efnahagsreikningur Landsbankans (fjárhæðir í m.kr.)

	2018	2017	2016	2015	2014
Handbært fé og innstæður hjá Sí	70.854	55.192	30.662	25.164	10.160
Lán til lánastofnana	71.385	44.866	20.408	20.791	49.789
Lán til viðskiptavina	1.064.532	925.636	853.417	811.549	718.355
Hlutabréf	23.547	27.980	26.688	29.192	29.433
Skuldabréf	77.058	117.310	154.892	203.684	243.589
Aðrir fjármálagerningar	1.923	1.905	278	287	78
Aðrar eignir	16.742	19.981	24.812	27.991	46.966
Samtals eignir	1.326.041	1.192.870	1.111.157	1.118.658	1.098.370
Skuldir við innlánsstofnanir	34.609	32.062	20.093	56.731	53.827
Innlán frá viðskiptavinum	693.043	605.158	589.725	559.051	551.435
Lántaka	314.412	281.874	223.944	209.344	207.028
Víkjandi lán	13.340	77	388	639	0
Aðrar skuldir	31.027	27.642	25.776	28.362	35.277
Samtals skuldir	1.086.431	946.813	859.926	854.127	847.567
Eigið fé hluthafa	239.610	246.057	251.204	264.501	250.803
Eigið fé minnihluta	0	0	27	30	0
Samtals eigið fé	239.610	246.057	251.231	264.531	250.803
Samtals skuldir og eigið fé	1.326.041	1.192.870	1.111.157	1.118.658	1.098.370

■ Sparisjóður Austurlands hf.

Sparisjóður Austurlands hf. skilaði bókhaldslegri afkomu eftir skatt að fjárhæð 69,8 m.kr. á árinu 2018 sem er töluvert betri afkoma en árið áður þegar sjóðurinn skilaði 10,2 m.kr. hagnaði. Meginskýring bættrar afkomu má rekja til niðurlagningar Tryggingasjóðs sparisjóða en sjóðurinn tekjufærði 69,4 m.kr. af þeim sökum.

Heildareignir sjóðsins voru í árslok 2018 6.714,9 m.kr. en voru 6.361,0 m.kr. í árslok 2017 og jukust því um 354,0 m.kr. á milli ára. Bókfært eigið fé sjóðsins í lok árs nam 866,7 m.kr. og eiginfjárlutfall sjóðsins reiknað samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 26,1%. Til samanburðar nam eigið fé sjóðsins 796,9 m.kr. á síðasta ári og eiginfjárlutfallið þá 24,9%. Eiginfjárfrafan sem Fjármálaeftirlitið gerir til sjóðsins út frá SREP ferli er 19,9% með eiginfjárukum m.v. árslok 2018. Hækkar krafan svo í 20,4% þann 15. maí 2019 og skal vera 21,4% þann 1. janúar 2019.

Hluthafar voru 93 í lok árs og nam hlutfé sparisjóðsins 700,9 m.kr. Bankasýsla ríkisins fer með 49,5% hlutfjár og skipar tvo aðalmenn og einn varamann.

Hreinar vaxtatekjur voru 243,0 m.kr. og lækka um 2,5 m.kr. á milli ára eða um 1%. Vaxtamunur sjóðsins lækkar úr 3,92% í 3,72%. Hreinar þjónustutekjur námu 34,0 m.kr. en voru 31,0 m.kr. árið áður. Aðrar rekstrartekjur námu 81,5 m.kr. en voru 12,6 m.kr. árið á undan og skýrist hækkunin af niðurlagningu Tryggingasjóðs sparisjóða eins og kom fram hér á undan.

Launakostnaður hækkar á milli ára og er 91,4 m.kr. en var 88,5 m.kr. árið áður. Á árinu störfuðu 6,6 starfsmenn að meðaltali hjá sparisjóðnum. Annar rekstrarkostnaður lækkar og var 159,4 m.kr. en var 164,7 m.kr. árið áður.

Afkoma reglulegs rekstrar eftir skatt var 34,1 m.kr. en var 24,6 m.kr. árið áður.

Kostnaðarlutfall var 71,0% en kostnaðarlutfall reglulegs rekstrar var 88,2%. Sambærilegar tölur frá fyrra ári voru 89,3% og 89,4%. Kostnaður á móti meðalstöðu heildareigna var 3,9% en var 4,1% árið áður.

Tafla 16: Reglulegur rekstur Sparisjóðs Austurlands hf. (fjárhæðir í þús. kr.)

	2018	2017	2016	2015	2014
Hreinar vaxtatekjur	243.062	245.513	256.236	211.245	219.473
Hreinar þjónustutekjur	33.824	30.989	33.006	33.163	32.501
Aðrar rekstrartekjur	12.145	12.582	22.082	19.421	18.438
Samtals reglulegar tekjur	289.031	289.084	311.324	263.829	270.412
Laun og launatengd gjöld	91.402	88.497	83.070	76.789	78.195
Annar rekstrarkostnaður	159.384	164.743	144.213	131.676	122.851
Afskriftir rekstrarfjármuna	4.117	5.075	3.824	3.824	4.519
Samtals reglulegur kostnaður	254.903	258.315	231.107	212.289	205.565
Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatta	34.128	30.769	80.217	51.540	64.847
Afkoma af reglulegum rekstri eftir skatta	27.302	24.615	64.174	41.232	51.878
Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatt	4,1%	3,9%	10,6%	7,2%	9,6%
Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatt	3,3%	3,1%	8,5%	5,8%	7,7%
Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar	88,2%	89,4%	74,2%	80,5%	76,0%

Tafla 17: Kjarnarekstur Sparisjóðs Austurlands hf. (fjárhæðir í þús. kr.)

	2018	2017	2016	2015	2014
Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatt	34.128	30.769	80.217	51.540	64.847
Fjármunatekjur	-198	-197	3.768	-6.156	17.590
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt	33.930	30.572	83.985	45.384	82.437
Afkoma af kjarnarekstri eftir skatt	27.144	24.458	67.188	36.307	65.950
Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatt	4,1%	3,9%	11,1%	6,4%	12,2%
Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatt	3,3%	3,1%	8,9%	5,1%	9,8%
Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar	88,3%	89,4%	73,3%	82,4%	71,4%

Tafla 18: Efnahagsreikningur Sparisjóðs Austurlands hf. (fjárhæðir í þús. kr.)

	2018	2017	2016	2015	2014
Sjóður og innstæður í Sí	2.316.956	2.119.326	2.129.958	2.175.047	1.878.898
Útlán til lánastofnana	43.416	34.527	54.791	270.575	330.011
Útlán til viðskiptavina	4.135.138	3.979.877	3.703.077	3.214.274	2.948.897
Fullnustueignir	21.000	54.000	62.500	100.000	149.100
Skuldabréf	0	0	30.052	33.246	35.132
Hlutabréf	9.526	4.555	4.555	17.333	39.663
Hlutdeildarfélag	0	0	0	0	0
Aðrar eignir	186.833	168.566	190.064	247.287	220.425
Eignir samtals	6.714.887	6.360.851	6.174.997	6.057.762	5.602.126
Innlán viðskiptavina	5.768.152	5.513.526	5.303.395	5.266.364	4.784.219
Lántaka	0	0	0	0	0
Víkjandi lán	0	0	0	0	65.328
Aðrar skuldir	80.022	50.408	84.908	64.668	51.692
Skuldir samtals	5.848.174	5.563.934	5.388.303	5.331.032	4.901.239
Hlutafé	700.887	700.887	700.887	700.887	649.472
Lögbundinn varasjóður	16.583	9.603	8.581	2.584	
Óráðstafað eigið fé	149.243	86.426	77.227	23.259	51.415
Eigið fé samtals	866.713	796.916	786.695	726.730	700.887
Eigið fé og skuldir samtals	6.714.887	6.360.850	6.174.998	6.057.762	5.602.126

Tafla 19: Lykiltölur Sparisjóðs Austurlands hf. (fjárhæðir í þús. kr.)

	2018	2017	2016	2015	2014
Bókhaldsleg afkoma eftir skatt	69.796	10.222	59.964	25.843	51.415
Arðsemi bókhaldslegrar afkomu e. skatt	8,4%	1,3%	7,9%	3,6%	7,6%
Vaxtamunur	3,7%	3,9%	4,2%	3,6%	4,0%
Kostnaður/Meðalstaða heildareigna	3,9%	4,1%	3,8%	3,6%	3,8%
Kostnaðarhlutfall bókhaldslegrar afkomu	71,0%	89,3%	73,4%	81,3%	71,7%
CAD eiginfjárlutfall	26,1%	24,9%	23,1%	23,0%	21,7%
Heildareignir	6.714.887	6.360.850	6.174.998	6.057.762	5.602.126